



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 15. maí 2018

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um hækkun sveiflujöfnunarauka

Hinn 1. nóvember 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um álagningu 1,25% sveiflujöfnunarauka í samræmi við 86. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.¹ Frá og með 1. nóvember 2017 hafa því fjármálafyrirtæki viðhaldið 1,25% sveiflujöfnunarauka nema þau sem eru undanskilin aukinum. Eiginfjárukanum hefur verið viðhaldið á samstæðugrunni og hefur hann tekið til innlendra áhættuskuldbindinga.

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki ber fjármálastöðugleikaráði að endurskoða gildi sveiflujöfnunarauka ársfjórðungslega. Hinn 13. apríl 2018 beindi fjármálastöðugleikaráð rökstuddum tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um hækkun sveiflujöfnunarauka um 0,5 prósentur.

Hinn 15. maí 2018 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs.

Fjármálaeftirlitið hefur í dag birt hlutaðeigandi fjármálafyrirtækjum ákvörðun sína og er hún hér með birt opinberlega í samræmi við 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki.

Ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunarauka

Í tilmælum fjármálastöðugleikaráðs kemur meðal annars fram að megintilgangur sveiflujöfnunaraukans sé að auka viðnámsþrótt fjármálakerfisins við hugsanlegu tapi í kjölfar aukinnar sveiflutengdrar kerfisáhættu. Einnig kemur fram að losun aukans veiti fjármálafyrirtækjum svigrúm til að viðhalda sjálfbæru framboði útlána í fjármálaniðursveiflu. Sveiflujöfnunaraukinn taki því breytingum samhliða þróun sveiflutengdrar kerfisáhættu.

Eins og gert er ráð fyrir samkvæmt 2. mgr. 136. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB lítur fjármálastöðugleikaráð í tilmælum sínum til frávíks skuldahlutfalls frá langtímaleitni og viðmiðs Basel-nefndarinnar við mat á gildi sveiflujöfnunaraukans.

Fjármálastöðugleikaráð lítur einnig til fleiri vísa til að fá heildstætt mat á þróun sveiflutengdrar kerfisáhættu. Ráðið kemst að þeirri niðurstöðu að fjármálaleg uppsveifla hafi fest sig í sessi og að þróun sveiflutengdrar kerfisáhættu gefi tilefni til að halda áfram uppbyggingu sveiflujöfnunaraukans. Samfelldur skuldavöxtur heimila og fyrirtækja síðastliðið ár bendi til þess að sveiflutengd kerfisáhætta hafi aukist. Húsnæðisverð hafi vikið nokkuð frá undirliggjandi þáttum á sama tíma sem styður jafnframt við hækkun aukans nú. Áhætta hafi einnig aukist innan afmarkaðra geira sem ekki sé unnt að bregðast við með sértækum aðgerðum að svo stöddu. Sérstaklega er bent á sterkan upptakt í fjármögnunarsveiflunni og samspil útlána vegna atvinnuhúsnæðis og fasteigna-

¹ Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 30. september 2016.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Þróunarverkefna og hás verðs á þeim markaði. Einnig er bent á að eftirlitsaðilar eigi, í bili að minnsta kosti, erfitt með að meta þörf fyrir beitingu sértækra stjórnækja vegna húsnæðismarkaðar og áhrif af beitingu slíkra stjórnækja. Verði mögulegt að bregðast við fyrrgreindum áhættuþáttum með sértækum úrræðum á næstu misserum mun Fjármálaeftirlitið kanna hvort tilefni sé til að beita þeim og meta hvaða áhrif það hefur á gildi sveiflujöfnunarauka. Slík endurskoðun gæti átt sér stað fyrir gildistöku þessarar ákvörðunar.

Með vísan til framangreinds og tilmæla fjármálastöðugleikaráðs kveður Fjármálaeftirlitið á um 1,75% sveiflujöfnunarauka á innlendar áhættuskuldbindingar allra fjármálafyrirtækja, bæði hvers fyrir sig og á samstæðugrunni, nema þeirra sem eru undanskilin aukanum samkvæmt 4. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, og að hann taki gildi 12 mánuðum eftir ákvörðun stofnunarinnar. Við útreikning eigin fjár sem viðhalda skal ber að líta til vegins meðaltals sveiflujöfnunarauka hér á landi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við hlutdeild áhættuskuldbindinga í hlutaðeigandi ríkjum, sbr. 3. mgr. 86. gr. d sömu laga.²

² Fjármálaeftirlitið mun setja reglur sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) nr. 1152/2014 en hann kveður nánar á um útreikninginn, sbr. umræðuskjal nr. 4/2016 sem birt er á vef stofnunarinnar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur nr. 506/2017 sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) 2015/1555.